



Félag löggiltra endurskoðenda



<http://jolakort.reykjavik.is/CardTemplate.aspx>

*Óskum félagsmönnum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári,
Sigurður & Hrafnhildur*

Jól 2009

Hverfur sólar skinið skjótt,
skemmstir dagar líða.
Úti dimmir, allt er hljótt,
ótal vættir sofa rótt.
Inni jóla börnin bíða.

Helgi ríkir, hátíð skær,
í huga ást og friður.
Bestu gjafir barnið fær,
bros og gleði alltaf nær.
Stjörnublikið streymir niður.

Blessun Guðs þinn bæti hag,
brátt fer sól að lýsa.
Sönn verði gleði sérhvern dag,
setur á lífið yndisbrag.
Ísland mun aftur rísa.

Höfundur er Bjarni Jónsson, endurskoðandi